Námsáætlun Seljaskóla veturinn 2026- 2027

SELJASKÓLI

Heiti verkefnis eða námsgreinar:			
Árgangur:	**6. bekkur**	**Námsgrein**	**Stærðfræði**
Tímabil:	**2026 – 2027**	**Kennarar:**	**Erlingur, Ingibjörg og Lena**

Lykilhæfni:

- Brugðist við upplýsingum, hlustað, tekið þátt í umræðum og tekið tillit til ólíkra sjónarmiða.
- Lært af mistökum og séð möguleika til framfara.
- Samræður: nemandi getur tjáð sig um stærðfræði, útskýrt hugsun sína fyrir öðrum og spurt spurninga til að leita lausna.
- Samvinna: nemandi getur unnið einn og í samvinnu við aðra að því að finna lausnir á stærðfræðilegum viðfangsefnum með fjölbreyttum aðferðum.
- Verkfæri: nemandi getur nýtt sér þau verkfæri og hjálpargögn sem þarf til að rannsaka og finna lausn á stærðfræðilegum viðfangsefnum.
- Kynningar: nemandi getur undirbúið og flutt kynningar á eigin vinnu með stærðfræði.
- Táknmál og hugtök: nemandi getur notað rétt heiti yfir stærðfræðitákn, nýtt þau rétt til útreikninga og yfirfært milli táknmáls og daglegs lífs.

Hæfnimiðvið;

- Samræður: Nemandi getur tjáð sig um stærðfræði, útskýrt hugsun sína fyrir öðrum og spurt spurninga til að leita lausna.
- Samvinna: Nemandi getur unnið einn og í samvinnu við aðra að því að finna lausnir á stærðfræðilegum viðfangsefnum með fjölbreyttum aðferðum.
- Táknmál og hugtök: Nemandi getur notað heilt yfir stærðfræðitákn, nýtt þau rétt við útreikninga og yfirfært milli táknmáls og daglegs máls.
- Talnamengi: Nemandi getur raðað ræðum tölum eftir stærð.
- Sætiskerfi: Nemandi getur notað tugakerfisritháttt og sýnt skilning á sætiskerfi við ritun ræðra talna.
- Þrautalausn: Nemandi getur nýtt sér reikniaðgerðir og reglur til að leysa þrautir og rökstutt svör sín.
- Daglegt líf: Nemandi getur notað brot, hlutföll og prósentur til að leysa viðfangsefni sem sprottin eru úr daglegu lífi.
- Verkfæri: Nemandi getur nýtt sér þau verkfæri og hjálpargögn sem þarf til að rannsaka og finna lausn á stærðfræðilegum viðfangsefnum
- Kynningar: Nemandi getur undirbúið og flutt kynningar á eigin vinnu með stærðfræði
- Fjármál: Nemandi getur nýtt stærðfræði til að kynnast helstu hugtökum fjármála
- Talnamengi: Nemandi getur raðað ræðum tölum eftir stærð
- Sætiskerfi: Nemandi getur nýtt sér grunnreikniaðferðirnar fjórar og reiknað með ræðum tölum, þ.m.t. neikvæðum tölum
- Þrautalausn: Nemandi getur nýtt sér reikniaðgerðir og reglur til að leysa þrautir og rökstutt svör sín

- Hlutföll: Nemandi getur skráð hlutföll og brot á ólíka vegu og sýnt fram á að hann skilur sambandið milli almennra brota, tugabrota og prósenta
- Reiknireglur: Nemandi getur nýtt sér samhengi og tengsl reikniaðgerða og notað algengar reiknireglur, s.s. víxlreglu
- Daglegt líf: Nemandi getur notað brot, hlutföll og prósentur til að leysa viðfangsefni sem sprottin eru úr daglegu lífi
- Námundun: Nemandi getur nýtt sér námundun við útreikninga með ræðum tölum
- Mynstur: Nemandi getur kannað og búið til rúmfræðileg mynstur
- Föll: Nemandi getur rannsakað og sett fram talnarunur og lýst þeim með myndum og orðum
- Óþekktar stærðir: Nemandi getur notað bókstafi til að tákna óþekktar stærðir og reiknað með þeim

- Jöfnur: Nemandi getur fundið lausnir á jöfnum með því að nota algengar reiknireglur svo sem víxlreglu
- Kannanir: Nemandi getur gert einfaldar tölfræðikannanir og framkvæmt einfalda tölfræðiútreikninga
- Myndrit: Nemandi getur lesið, útskýrt og túlkað gögn og upplýsingar sem gefnar eru í töflum og myndritum
- Líkindareikningur: Nemandi getur reiknað út líkur í einföldum tilvikum
- Mynstur: Nemandi getur hliðrað, speglað og/eða snúið flatarmyndum, t.d. við rannsóknir á mynstrum
- Skýringarmyndir: Nemandi getur rannsakað og greint tvívíð og þrívíð form, teiknað einfaldar flatar- og þrívíddarmyndir og notað til þess mælikvarða og einslögun
- Mælingar: Nemandi getur áætlað og mælt vegalengd, hraða, tíma og hitastig eð viðeigandi mælikvarða
- Mælieiningar: Nemandi getur notað tengsl á milli mælieininga í einvíðu kerfi
- Hnitakerfi: Nemandi getur teiknað beinar línur í hnitakerfi og lesið upplýsingar úr slíkum myndum
- Sannanir: Nemandi getur útskýrt og notað reglu um hornasummu marghyrninga
- Tvívíð form: Nemandi getur áætlað, mælt og reiknað hornastærðir, ummál og flatarmál marghyrninga
- Þrívíð form: Nemandi getur áætlað og reiknað rúmmál og yfirborðsflatarmál réttstrendinga með stöðluðum og óstöðluðum mælitækjum

Lýsing og kennsluaðferðir:

Námsþættir:

• Tölur og reikningur
• Tugabrot
• Rúmfræði
• Líkur/líkindareikningur
• Almenn brot
• Mælingar
• Hnitakerfi og hlutföll

<table>
<tr><td colspan="2">Kennsluaðferðir
• Einstaklings og hópavinna
• Fylgjast með kennslumyndböndum
• Þátttaka í umræðum</td></tr>
<tr><td>Námsgögn:
• Stika 2a Nemendabók
• Stika 2b Nemendabók
• Efni frá kennara.</td><td>Námsmat/skil á verkefnum:
• Unnið er eftir leiðsagnarnámi
• Kaflapróf
• Verkefnavinna</td></tr>
</table>